

# Almannavarnir Árnassýslu

**6.** fundur framkvæmdaráðs Almannavarna Árnassýslu, haldinn þriðjudaginn 23. mars 2010 Kl: 14.00 að Hörðuvöllum 1, Selfossi

**Mættir: Ragnheiður Hergeirsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ólafur Helgi Kjartansson, Oddur Árnason. Kristján Einarsson sem ritaði fundargerð.**

**Einnig mætti á fundinn: Guðrún Jóhannesdóttir, verkefnastjóri mótvægisáðgerða hjá Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra**

## Dagskrá:

### 1. Yfirlestur á áhættumati í Árnassýslu

Nefndarmenn fóru yfir lokagögn tengdu áhættumats fyrir Árnassýslu. Fáein atriði komu fram sem þarf að skoða betur. Oddur tekur að sér að ljúka innsetningu þeirra.

Guðrún fór yfir „Áhættuskoðun“ og leiðbeindi nefndarmönnum varðandi vinnslu.

Ólafur tekur að sér að setja inn viðeigandi texta og tölur og leggja fyrir nefndina.

**Samþykkt að láta fara fram árlega yfirferð á gögnum áhættumatsins þannig að það reynist sem næst nútíðinni hverju sinni.**

### 2. Héraðsnefndarfundur Flúðum

Formaður greindi frá fundi Héraðsnefndar Árnassýslu sem haldinn verður að Flúðum 8. og 9. apríl n.k. Gert er ráð fyrir í dagskrá fundarins að farið sé yfir málefni almannavarna.

Ólafur, Oddur og Kristján munu taka þátt í þeim dagskrárlið ásamt formanni, Ragnheiði.

### 3. Næsta æfing

Umræður urðu um fyrirkomulag æfinga á vegum nefndarinnar.

a) **Samþykkt að efna til Hópslysaæfingar í samvinnu með viðkomandi aðilum í sýslunni. Starfsfólk Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra aðstoðar við uppsetningu æfingarinnar.**

b) **Samþykkt að efna til námskeiðs fyrir aðila aðgerðastjórna. Kristján og Oddur munu kanna framkvæmdaferil slíkrar æfingar í samvinnu með Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra**

**4. Fjarskiptamál**

Kristján greindi frá því að aðilar Tetra fjarskiptakerfisins þyrftu að huga að því að upplýsa betur á hvaða rásum á að vinna þegar aðgerðir eru í gangi.

**5. Þátttaka í fundi á Hellu**

Að loknum fundi fóru nefndarmenn á Hellu til fundar með Almannavarnarnefnd Rangárvallasýslu og Vísindaráði sem fundaði um stöðu mála í tengslum við eldgosið í Eyjafjallajökli.

Þar komu ýmsar gagnlegar upplýsingar fram sem bæði var gaman og gagnlegt fyrir nefndarmenn að fá.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00

-----

Ragnheiður Hergeirsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir,  
Ólafur Helgi Kjartansson, Oddur Árnason. Kristján Einarsson  
Guðrún Jóhannesdóttir